



Ályktun um atvinnuleysisbætur

Þing Starfsgreinasambands Íslands harmar það skilningsleysi stjórnvalda á kjörum og högum atvinnulausra sem birtist í nýútkomnu fjárlagafrumvarpi. Samkvæmt frumvarpinu ætla stjórnvöld að svíkja fyrirheit um að hækka atvinnuleysisbætur í byrjun næsta árs í samræmi við hækkun launataxta þeirra tekjulægri. Þá ætla stjórnvöld að ráðast sérstaklega á kjör þeirra sem hafa verið án vinnu í þrjú ár samfelld með því að taka viðkomandi af bótum í þrjá mánuði. Þingið fordæmir þá hugmyndafræði að ætla að „svelta“ fólk af bótum. Verkalýðshreyfingin mun aldrei sætta sig við slíka aðför að þeim sem standa höllustum fæti í þjóðfélaginu.

Þing Starfsgreinasambandsins krefst þess að stjórnvöld láti af þessum fyrirætlunum. Að þau standi við gefin loforð og hækki bætur í samræmi við hækkun launataxta þeirra tekjulægri og framlengi heimild Atvinnuleysistryggingasjóðs til að greiða bætur í allt að fjögur ár.